

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. maí 2022  
Málsnúmer: 202204-0018  
LA/KJ

## Efni: Tillaga að friðlýsingu hella í Þeistareykjahrauni

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 11. apríl 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að friðlýsingu hellasvæðis í Þeistareykjahrauni.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að friðlýsingu, ásamt friðlýsingarskilmálum og fagnar friðlýsingu hraunhellanna í Þeistareykjahrauni sem eru einstakir á heimsvísu vegna fjölbreytileika hellamyndanna og þess hversu heillegir þær eru.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í 1. gr. 2. mgr. stendur „*Að auki er yfirborð hellisveggja, -lofta og -gólfa víða þakið örþunnum og stökkum glerungi sem varð til við storknun kvikunnar*“. Glerungur á ekki við hér og þarf að breyta texta í „...þakið örþunnu og stökku gleri...“

Setningin þar á eftir má orða betur, en þar stendur „*Náttúrumyndanir þær sem um er getið eru í mörgum tilfellum einkar viðkvæmar fyrir snertingu en umferð um þekkta hella hefur víða valdið miklu tjóni á hraunhellum sem þessum.*“, og í staðinn standi: „*Náttúrumyndanir þær sem um er getið eru afar viðkvæmar og skemmast auðveldlega við umferð manna og dýra.*“. Texti um umferð og tjón í öðrum hellum tengist ekki friðlýsingarskilmálum og má sleppa.

Í 2. gr. 2. mgr. stendur „*Með friðlýsingunni er einnig stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi við nýtingu innan svæðisins ásamt því að treysta rannsóknar- og fræðslugildi þess.*“  
Hér má í stað treysta nota orðið varðveita.

Rekist var á nokkrar málfarsvillur í texta og væri æskilegt að hann væri lesinn vel yfir með það í huga.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við friðlýsingu hellasvæðis í Þeistareykjahrauni.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur

